



# HVAÐ ER TOLLVÖRUGEYMSLA?

Eimskip býður fyrirtækjum að geyma ótollaafgreidda vöru eins lengi og óskað er.

Vöruhótelid starfrækir tollvöruheymislu. Ekki þarf að greiða tollgjöld og virðis- aukaskatt fyrir en varan er leyst út. Þar af leiðandi lækkar fjármagnsbinding fyrirtækja vegna vörulagers.

Hægt er að taka til, í eina úttektarpöntun, vörur úr mörgum innflutningssendingum. Í tollvöruheymislu er heimilt að vinna við vöruna, t.d. merkja hana og umpakka. Að auki er heimilt að flytja vöruna innanlands á milli tollvöruheymislna eða úr landi.

Með úthýsingu í Vöruhótelinu greiðir viðskiptavinur aðeins fyrir það pláss sem þörf er á hverju sinni. Því er auðveldara að lágmarka kostnaðinn sem fylgir lagerhaldi

Óþarft er að liggja með opinber gjöld á lager.

### Vörur

- Engin tímatakörk eru á geymslu vöru
- Ákjósanlegt er að geyma vörur sem bera há tollagjöld (t.d. vín, rafmagnstæki og minni ökutæki)
- Úttektir eru óháðar sendingum
- Vörur sem eru í tollvörugeymslu eru ekki komnar inn í landið og því hægt að flytja út án þess að það séu komin tollgjöld á vöruna



### Kostnaður

- Sveigjanleiki þar sem geymslugjöld tengjast magni
- Skýrari mynd af kostnaði við lagerhald
- Stofnkostnaður nýrra fyrirtækja lækkar
- Lækkun fjármagnskostnaðar

### Eigendur

- Eigandi sendingar getur verið íslenskt eða erlent fyrirtæki
- Hægt er að semja við erlendan birgi um að hann eigi vöruna í tollvörugeymslunni en íslenski viðskiptavinurinn borgi kostnað við lagerhald.
- Erlendir birgjar geta geymt vöru á lager í tollvörugeymslu og selt til margra innlendra fyrirtækja sem sjá um að greiða aðflutningsgjöld.
- Auðveldara er að höndla t.d. árstíðarbundnar sveiflur í vörumagni á lager

Vöruhótelíð býður upp á fjölþætta þjónustu sem hentar ólíkum fyrirtækjum. Hvort sem viðskiptavinur er stórt framleiðslufyrirtæki, alþjóðleg vefverslun eða lítið innflutningsfyrirtæki, leysum við þarfir hans með fjölþættum þjónustuliðum í starfsemi okkar.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 525 7600 eða sendið fyrirspurnir á netfangið [fzo@eimskip.is](mailto:fzo@eimskip.is)